

Fundur foreldrafélags leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

9. nóvember

Mætt eru Bára Tómasdóttir, Diljá Marín Jónsdóttir, Erna Elvarsdóttir, Hildur Jónsdóttir, Ríkharður Þór Guðfinnsson, Sigrún Bára Gautadóttir og Sigurbjörg Anna Þorleifsdóttir.

Fundur fór fram í Skýjaborg.

Fundur settur kl. 16:30.

Hildur sagði okkur frá því að Heiðarskóli er með símalausan nóvember sem öllum fannst frábært og vonandi heldur skólinn áfram í símaleysinu.

Rætt var um jólin. Jólagjafir fyrir krakkana frá foreldrafélaginu, jólaföndur eða bingó og jólaleikrit.

Ákveðið var að hafa jólaleikrit og halda jólabingó. Við skiptum á milli okkur fyrirtækjum til að senda á til að safna vinningum.

Farið verður svo í að finna dagsetningu fyrir jólabingóið.

Fundi slitið kl. 17:15